



Samkennd Enn ráða Frakkar yfir eyjum og litlum skikum víða um heim. Hér leggja íbúar í Papeete á Kyrrahafssvæðinu Tahítí blóm við minnismerki um helgina til að heiðra þá sem létu lífið í hryðjuverkunum í París.

Söguleg tengsl við araba

Margir velta því fyrir sér hvers vegna Frakkland hafi nú orðið skotsþóm hryðjuverka IS fremur en eitthvert annað öflugt Evrópuríki. Stjórnmaláskýrendur benda á að hluti skýringarinnar sé að saga Frakklands valdi því að landið sé ávallt ofarlega í huga araba.

Frakkland var lengi annað öflugasta nýlenduríki heims á eftir Bretlandi, réð yfir stórum hluta Norður-Afríku og miklum svæðum í Suðaustur-Asíu. Árið 1922 tóku Frakkar við stjórn í Sýrlandi og Líbanon eftir hrun

Tyrkjaveldis, löndin tvö fengu sjálfstæði við lok seinni heimsstyrjaldar. En Frakkar réðu lengur yfir Túnis, Alsír og Marokkó. Alsírmenn unnu loks mannskætt frelsisstríð gegn Frökkum 1962.

Loks bera að geta þess að Frakkar hafa síðustu árin ekki hikað við að senda herlið til að kveða niður uppreisnir í Afríkuríkjum að ósk ráðamanna umræðra ríkja. Þeir hafa einnig beitt hervaldi gegn islamistum í Malí. kjon@mbl.is

Sýrland flóknara en Írak

● Geta sigrað IS ef beitt er þolinmæði

Kristján Jónsson
kjon@mbl.is

Tekjið getur áratugi að sigra IS en það er hægt að ná því takmarki með þeim aðferðum sem beitt hefur verið í Írak og Sýrlandi, segir Daninn Johannes Riber Nordby, lektor við háskóla danska hersins, í viðtali við Jyllandsposten. Bandamenn geta haldið áfram að styðja herlið Kúrda, gera loftárásir og mennta og þjálfra íraska herinn.

„Þetta er besta áætlunin,“ segir Nordby og vísar á bug hugmyndum um að senda öflugan landher vest-rænna ríkja á staðinn. Það sé eins og stínga hendinni inn í geitungabú, IS-menn myndu umsvifalaust telja almenningi trú um að Vesturlönd ætli nú að gera arabalöndin aftur að nýlendum sínum. „Ef okkur finnst að Írak sé flóknari vígvöllur vil ég bæta við að þetta er enn flóknara dæmi.“

Nordby segir að óhjákvæmilegt sé

að á endanum samþykki vestræn ríki þá kröfu Rússa að Bashar al-Assad forseti hafi áhrif á niðurstöðu mála í Sýrlandi. Og hann muni ekki verða leiddur fyrir rétt vegna stríðsglæpa.

Stjórnmal Mið-Austurlanda

Hagsmunir margra völdugra aðila gera þau að fjendum IS en jafnframt hafa þeir aðra hagsmuni sem rekast stundum illilega á innbyrðis.

Ríki Evrópusambandsins, Rússland, Tyrkland og Bandaríkin, óttast öll að vígamenn sem barist hafa með IS snúi aftur heim og efni til hryðjuverka í heimalöndum sínum. En Bandaríkin undir forystu Obama vilja helst draga sig alveg út úr flækjum Mið-Austurlanda.

Tyrkir óttast IS en líka sjálfstæðistilburði kúrdíska þjóðarbrótsins sem á hinn bóginn styður baráttu íraska Kúrda gegn IS í Sýrlandi og Írak. Allt að 8.000 Rússar munu hafa barist með IS og Pútín vill því þrjúta samtök in á bak aftur. En jafnframt vill hann tryggja áhrif Rússa í Mið-Austurlöndum með því að styðja áfram Assad. Einnig vill hann að vestræn ríki bindi enda á viðskiptalegar refsiaðgerðir vegna Úkraínu.



Þíða? Vel fór á með Barack Obama og Vladímír Pútín áður en seinni hluti fundahaldanna í Antalya í Tyrklandi hófst í gær.

Lítill árangur á G-20 fundi

● Skiptast á gögnum nýjónnara

Leiðtogar 20 helstu iðnríkja heims, G-20, luku í gær tveggja daga fundi sínum í Antalya í Tyrklandi og hétu að auk samstarf varðandi upplýsingaöflun og aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverka. En fátt bendir til þess að náðst hafi samkomulag um að samræma aðgerðir gegn Ríki Íslams, IS, í Sýrlandi og Írak.

Hryðjuverkin í París á föstudagskvöld voru mönnum eðlilega efst í huga. Barack Obama Bandaríkjaforseti og Vladímír Pútín Rússlandsforseti ræddust óformlega við í hálfklukkustund fyrir fundinn, sama gerðu þeir Pútín og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands. Obama hvattí rússneskan kollega sinn til að taka þátt í samræmdum aðgerðum með vesturlöndum gegn IS.

Donald Tusk, forseti ráðherraráðs Evrópusambandsins, sagði umbúðalaust að loftárásir Rússa í Sýrlandi þyrftu að beinast í auknum mæli gegn IS en ekki öðrum uppreisnarhópum sem sumir nýjta stuðnings

vesturlöndanna. Einnig fullyrkti Tusk að aðgerðir Rússa væru þegar farnar að ýta undir flóttamannastraum frá Sýrlandi til Evrópu.

Cameron tvístígandi

Enn er óljóst hvort Bretar muni ákveða að taka þátt í loftárásum á IS í Sýrlandi. Þingið félli árið 2013 til lögu Camerons sem vildi aðstoða með hernaði uppreisnarmenn er berjast gegn Bashar al-Assad, Sýrlandsforseta og skjólstaðingi Rússa. Ljóst að Cameron er ekki viss um að hafa þingmeirihluta fyrir því að senda flugherinn á vettvang.

Cameron sagði mikið geta áunnist með gagnkvæmri upplýsingaöflun sem merkir að ríkin liggja ekki á því sem nýjónnara þeirra komast á við seinni heimsstyrjaldar. Ráðherrann sagði að enn greindir menn á um framtíð Assads, sem vestræn ríki segja að verði að fara frá völdum. En Cameron sagði að menn hefðu nálgast lausn. kjon@mbl.is

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. nóvember 2015, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2015 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 16. nóvember 2015, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskýlda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, öfluggjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ókutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskjükdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, úrtvöpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð akraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjóðnustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma ljöndum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldendanna.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldendana. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdraginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ókutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuárræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gjldir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. nóvember 2015

Tollstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum